



KGSÍ

BAUTASTEINN

1. tölublað / 21. árgangur / Maí 2016

ORAX Sigtæki

með rafmagnshleðslu



Efni:
hleðslukassi úr áli
rör úr ryðfríu stáli.


Lengd: 225
Færanleg breidd: frá 69 - 94 cm
Þyngd: 38 kg

BIKAB flokkunar- gámar




- Flokkun úrgangs
- Gámurinn er heitgalvanísieraður m/glansáferð
- Tvær einingar f/úrgang úr svörtu polyethilyni
- Lokur úr áli
- Klæðning: dökkgræn

Grafarklæði / graframmi



Þekur hliðar grafarinnar til botns og þekur gröfina allan hringinn. Samanstendur af tveimur löngum plönkum og tveimur t-formuðum endastykkjum.

K-60 Dreifari f / salt & sand



- Rúmmál: 60 lítrar
- Dreifubreidd: 0,6 m
- Þyngd 31 kg
- Fyrir jarðveg, sand og salt.

Lágur þyngdarpunktur og meðfærilegur.
Er einnig nothæft sem venjulegar hjólbörur.

RölTec vatnspóstar



Mobilplant sjálfvökvunar kassar



MobilPlant
til í meðfylgjandi stærðum:
65 x 30 cm ferhyrndur
60 x 40 cm ferhyrndur
40 x 30 cm ferhyrndur
50 x 30 cm rúnnaður

Bentzen As

Solgård Skog 4, 1599 Moss, Norge.

Telefon: +47 69 24 49 40 Telefaks: +47 69 24 49 44

www.bentzenas.no

Mikilvægt upplýsingarit

Þetta blað er 21. árgangur af Bautasteini. Blaðið kom fyrst út árið 1996 og með útgáfu þess var öðrum þræði áformað að upplýsa lesendur um þann málaflokk sem skiptir alla svo miklu máli, sama í hvaða stjórn málaflokki þeir standa og hvort þeir eru í trúfélagi eða utan þeirra. Einnig var markmið með útgáfu blaðsins að freista þess að sannfæra þá sem stýra fjármálum landsins um það að þeim peningum, sem ráðstafað er til kirkjugarða, hafi verið og sé vel varið.

Hefur þetta tekist? Ég held því fram að þeir sem fá blaðið og glugga í það séu betur að sér um málaflokkinn. Blaðið er sent til allra presta landsins, allra sóknarnefndarmanna, allra oddvita sveitarfélaga, alþingismanna og tengiliða innan ráðuneyta. Auk þess er því dreift til þeirra sem vinna beinlínis við störf innan kirkjugarða og við útfararþjónustu um allt land.

Ég er einnig viss um að útgáfa blaðsins hefur vikkað sjóndeildarhring ráðamanna og skilning þeirra á þeim verkefnum sem unnin eru innan þessarar þjónustugreinar og um leið á því umfangi sem um er að ræða. Kirkjugarðasamband Íslands var stofnað til þess að koma fram fyrir sambandsaðila gagnvart stjórnvöldum og gæta hagsmuna þeirra á sviði fjármála og það var einnig stofnað til að gangast fyrir upplýsingastarfsemi í þágu kirkjugarða í því skyni að miðla hagnýtum upplýsingum á milli þeirra og ná fram hagkvæmni í rekstri og betri þjónustu. Þess vegna hefur Bautasteinn verið gefinn út í rúmlega 20 ár.



Þórsteinn Ragnarsson,
formaður
Kirkjugarðasambands
Íslands.

Allir sem þekkja eitthvað til málaflokksins vita að fjármagn ríkisins til kirkjugarða hefur verið skorið niður eftir efnahagshrun 2008. Í Bautasteini – fréttabréfi sem kom út í apríl sl. var gerð grein fyrir skýrslu um fjármál kirkjugarða sem kom út í lok mars sl. og er hún afrakstur nefndar sem skipuð var af þáverandi innanríkisráðherra um mitt ár 2014. Í þessu blaði er skýrslunni fylgt eftir með því að birta tillögur og minnisblað kirkjugarðaráðs af fundi biskups og kirkjugarðaráðs með ráðuneytisstjóra og nokkrum embættismönnum innanríkisráðuneytis sem haldinn var 2. maí sl. um niðurstöður skýrslunnar. Hvet ég lesendur blaðsins til að kynna sér þessar tillögur biskups og kirkjugarðaráðs.

Þórsteinn Ragnarsson,
formaður KGSÍ.

Meðal efnis

Mikilvægt upplýsingarit	3	Kirkjugarðar í Noregi	16
Þórsteinn Ragnarsson skrifar		Helge Klingberg landslagsarkitekt skrifar	
Erfiður rekstur kirkjugarðanna	4	Að girða kirkjugarð - aldarfarslýsing	24
Rætt við Valtý Valtýsson, sveitarstjóra		Sólveig Ólafsdóttir sagnfræðingur skrifar	
Kirkjugarðurinn í Saurbæ	8	Bálfarir á Íslandi aukast ár frá ári	30
Sagt frá endurbótum á garðinum		Duftgarðurinn í Fossvogi	34
Minningarmark um Hring	11	Stiklað á stóru í 65 ára sögu	
Hlið himinsins í Ólafsfirði	12	Alvarleg staða kirkjugarðanna	36
Öld liðin frá vígslu garðs og kirkju		Tillögur Kirkjugarðaráðs til úrbóta	



„Allt eru þetta samstarfsverkefni þar sem sveitarfélögin þurfa að virða sjálfsákvörðunarrétt kirkjugarðanna og kirkjugarðarnir sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaganna,“ segir Valtýr Valtýsson sveitarstjóri Bláskógabyggðar.

Erfiður rekstur kirkjugarða

Rætt við Valtýr Valtýsson, sveitarstjóra Bláskógabyggðar

Það hefur hallað verulega undan fæti í rekstri kirkjugarðanna á undanförunum árum eftir að framlög ríkisins til þeirra voru skert í kjölfar bankahrunsins 2008,“ segir Valtýr Valtýsson, sveitarstjóri Bláskógabyggðar og fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga í Kirkjugarðaráði. Valtýr segir vandræði í rekstri flestra garða og það gildi það jafnt um kirkjugarða í stórum sem smáum sveitarfélögum. Alvarlegasti vandinn sé hjá kirkjugörðum Reykjavíkurprófastdæmis, þar sé

hallinn mestur en þótt krónurnar séu færri hjá smærri görðum þá sé eðli vandans það sama.

„Tekjurnar duga ekki fyrir kostnaði og lögbundið fjárframlag ríkissjóðs, sem ætlað er að standa straum af kostnaði við hefðbundin verkefni garðanna, hrekkur ekki til.“ Valtýr segir að með aukafjárveitingu í lok síðasta árs hafi átt að jafna þá skerðingu sem varð í hruninu, en hún dugi ekki fyrir helmingnum af þeim niðurskurði sem orðið

Valtýr Valtýsson segir vandræði í rekstri flestra kirkjugarða, hvort sem um er að ræða garða í stórum eða smáum sveitarfélögum. Tekjur þeirra duga ekki fyrir kostnaði og lögbundið fjárframlag ríkissjóðs sem ætlað er að standa straum af kostnaði við hefðbundin verkefni garðanna hrekkur ekki til.



Valtýr telur að menn muni halda áfram að hagræða í rekstri kirkjugarðanna til að nýta fjármuni sem best.

hefur frá hruni. „Að sjálfsgöðu hjálpar þessi viðbót í takmarkaðan tíma en hún breytir ekki þeirri skekkju sem er í kostnaðarmatinu.“

Ungmennafélagsandinn enn við lýði

Valtýr segir kirkjugarða í minni sóknum að mörgu leyti í erfiðari stöðu en í stærri sóknum því færri tækifæri séu til að ná fram sparnaði. Flestir þurfi að reiða sig á verktaka um helstu verkefni en á móti komi að í dreifbýlinu séu tengsl íbúa við sóknarkirkjurnar yfirleitt sterkari en í þéttbýli og fólk tilbúið að leggja fram sjálfböðavinnu í þágu kirkjunnar og kirkjugarðsins. „Ungmennafélagsandinn er sem betur fer enn við lýði til sveita og jafnvel verktakar úti á landi hafa margir látið það yfir sig ganga árum saman að taka grafir undir kostnaðarverði og án vissu um að fá greitt, vegna þess að það þekkja allir alla og menn geta ekki hugsað sér að láta óvissuna bitna á nágrönnum eða kunningjum.“

Valtýr telur að menn muni halda áfram að hagræða í rekstri kirkjugarðanna til að nýta fjármuni sem best. Hann segir Kirkjugarðaráð hafa hvatt til þess að stjórnir nokkurra kirkjugarða verði sameinaðar í eina til að ná fram sparnaði. Með því að sameina rekstur kirkjugarða sé hægt að koma við margvíslegum breytingum í stjórnsýslu þeirra og bjóða þjónustuaðilum stærri verkefni gegn hagstæðari kjörum. Hann bendir á að þetta hafi til dæmis verið gert í Eyjafirði með ágætum árangri.

Til lengri tíma litið telur Valtýr að kirkjugörðum muni heldur fækka og þeir verða stærri og rekstur þeirra hagkvæmari. Það leysi samfélagið hins vegar ekki undan skyldum gangvart görðum sem hafa verið í notkun og hafa enn hlutverki að gegna gagnvart eftirlifendum. Þótt hætt sé að taka þar nýjar grafir þurfi eftir sem áður að

halda görðunum við með þeirri ræktarsemi og virðingu sem þeim ber. „Það er því enginn lausn að hætta að taka nýjar grafir í tilteknum görðum. Skyldurnar hverfa ekki né kostnaðurinn við umhirðu garðanna.“

Viðmiðunarreglur frá 2007 til bóta

Valtýr segir að viðmiðunarreglur um samstarf sveitarfélaga og kirkjugarða sem settar voru 2007 hafi verið til



Útfarar- og lögfræðipjónusta

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.



Útfararstofa kirkjugarðanna

Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | utfor.is



Alvarlegasti fjárhagsvandinn er hjá Kirkjugörðum Reykjavíkurprófastdæma, að sögn Valtýs.

mikilla bóta. Með þeim hafi skyldur verið skýrðar og því sé nú tekið mun markvissar en áður á málum sem varða samskipti sveitarfélaga og kirkjugarða. Reglurnar stuðli að því að báðir aðilar komi að undirbúningi sameiginlegra verkefna. Hann segir að fjármálareglur sveitarfélaga hafi verið hertar og öll útgjöld þurfi að vera innan fjárhagsáætlunar. Því sé ekki lengur hægt að koma eftirá með reikninga vegna efniskostnaðar við einstaka framkvæmdir og vísa til þess að sveitarfélaginu beri að standa straum af þeim.

Valtýr segir sveitarstjórnarmenn almennt vel upplýsta um skyldur sveitarfélaganna, til dæmis um að þeim beri að leggja til heppileg land undir kirkjugarða og að útvega

efni í girðingar utan um þá. Hins vegar geti verið mikill munur hvort um sé að ræða einfalda netgirðingu eða hlaðinn vegg svo dæmi sé tekið. Í reglunum frá 2007 hafi þessir hlutir verið skilgreindir og sett ákveðin viðmið um þátttöku sveitarfélaganna. Vilji menn til dæmis nýta dýrara efni en þar kveður á um þurfi að semja um það sérstaklega við sveitarfélagið og eftir atvikum að útvega viðbótarfjármagn ef sveitarfélagið treystir sér ekki í kostnað umfram viðmiðin. „Allt eru þetta samstarfsverkefni þar sem sveitarfélögin þurfa að virða sjálfsákvörðunarrétt kirkjugarðanna og kirkjugarðarnir sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaganna,“ segir Valtýr Valtýsson sveitarstjóri Bláskógabyggðar.



Nordisk Kongres for Kirkegårdskultur København 2017

Norræn ráðstefna um kirkjugarða

Samtök norrænna kirkjugarða og bálstofa, NFFK, bjóða til norrænnar ráðstefnu í Kaupmannahöfn 6.-8. september 2017.

Þema ráðstefnunnar er: Rými fyrir minningar í nútíð og framtíð.

Nánari upplýsingar um ráðstefnuna er að finna á vefnum www.nffk.eu og þar er einnig hægt að skrá sig til þátttöku.



gardur.is



Í minningu látinna

Vefurinn gardur.is veitir á aðgengilegan hátt upplýsingar um legstaði látins fólks á Íslandi. Þar er hægt að fletta upp hvar í kirkjugarði látnir ástvinir hvíla, ásamt fæðingar- og dánardægri. Þessi þjónusta hefur fengið mjög jákvæðar undirtektir og fljótlega komu fram óskir um að aðstandendur geti fengið birtar ítarlegri upplýsingar í minningu viðkomandi einstaklinga.

Til móts við óskir um ítarlegri minningu látins einstaklings

Aðstandendur geta nú, gegn greiðslu, fengið birt efni um látinn ástvin á gardur.is. Upplýsingarnar geta t.d. verið stutt æviágrip, helstu skyldmenn, samferðafólk og myndir.

Hvernig er hægt að fá efnið birt?

Það er auðvelt. Hægt er að óska eftir birtingu í síma 585-2700 og meðfylgjandi ævidrög og mynd, sem eru úr minningargrein Morgunblaðsins, verða birt á legstaðaskránni gardur.is undir nafni hins látna og verða þar um alla framtíð.

www.gardur.is

Vefurinn gardur.is

er í umsjón og eigu Kirkjugarðasambands Íslands. Hann byggir á samvirku gagnasafni og inniheldur leyfilegar upplýsingar um látna einstaklinga og legstað þeirra í kirkjugörðum á Íslandi. Einnig eru þar upplýsingar um kirkjugarða með kortum, texta, myndum og teikningum.

Helstu styrktaraðilar gardur.is eru Alþingi og Kirkjugarðasjóður

Ítarlegri upplýsingar má fá í síma 585 2700 eða á gardur.is

Kirkjugarðsveggurinn í Saurbæ eftir endurbætur. Nýr veggur úr torfi og grjóti hefur verið hlaðinn á þrjá vegu og timburgirðing úr íslensku lerki og nýtt sáluhlið loka garðinum að vestan.



Kirkjugarðurinn í Saurbæ fær

Síðastliðið sumar lauk framkvæmdum við kirkjugarðinn á Saurbæ í Eyjafjarðarsveit sem hófust sumarið 2010 og höfðu því staðið yfir um fimm ára skeið þegar verkinu lauk. Nýr veggur úr torfi og grjóti hefur verið hlaðinn í kringum garðinn og hann þannig færður í upphaflegt form um leið og kirkjugarðurinn var stækkaður um 10 metra til austurs. Þá var steinveggur vestan við kirkjuna fjarlægður og timburgirðing með nýju sáluhliði reist í staðinn eins og var þegar núverandi kirkja var byggð.

Kirkjustaður frá fornu fari

Saurbær hefur verið kirkjustaður frá fornu fari og þar var klaustur um nokkurra áratuga skeið um og eftir 1200. Að sögn Guðmundar Rafns Sigurðssonar, umsjónarmanns kirkjugarða hjá Biskupsstofu, sem hefur verið einn af hvatamönnum endurbótanna, er getið um kirkjugarðs-



Kirkjugarðurinn í Saurbæ áður en steinveggur vestan kirkjunnar var fjarlægður.



rður í upprunalegt horf



Allur frágangur er vandaður og lokur og lamir sérsmiðaðar af eldsmiðnum Beate.

vegginn í gömlum visitasium. Sú kirkja sem nú stendur í Saurbæ var byggð 1858 og er ein örfárta torfkirkna sem enn standa hér á landi en að innan er hún þiljuð í hólf og gólf.

Helgi Sigurðsson hleðslumeistari á Sauðárkróki var að tilmælum Þjóðminjasafnsins fenginn til hleðsluvinnunnar ásamt Ingólfi Jóhannssyni á Uppsölum í Eyjafirði. Leitað var víða að heppilegu grjóti í veggheðsluna og fannst það að lokum langt fram í Eyjafjarðardal.

Reynir Björgvinsson á Bringu, sem tók virkan þátt í endurbótunum, segir það hafa verið talsvert fyrirtæki að velja grjót í vegginn og flytja heim í Saurbæ. Fjölmargir lögðu hönd á plóg við það verk og má þar meðal annars nefna Lionsmenn og félagi í Hjálparsveitinni Dalbjörgu auk annarra velunnarra kirkjunnar.



Garðurinn fellur vel að kirkjunni sem er ein örfára torfkirkna sem enn standa.

Bjóðum upp á krossa á leiði

- Trékrossa
- Zinkhúðaða
- Úr ryðfría stáli
- Álettrum plötur

Eigum margar gerðir af krossum

ÚTFARARÞJÓNUSTA
KIRKJUGARÐA AKUREYRAR
Hólið, v/ Dósunnarstræti - 600 Akureyri
Sími 461 4060 - www.kirkjugardar.is/utka

Vandað til verka

Helgi Sigurðsson segir engin ummerki hafi verið sjáanleg um eldri kirkjugarðsvegg og því hafi veggurinn verið hlaðinn nýr frá grunni. Mjög var vandað til allra verka og þannig voru trégirðing úr pílurum og sáluhlið hannað af teiknistofunni Argos og smíðuð af Hólmsteini Snædal úr íslensku lerki frá Dagverðareyri og Hallormsstað og lamir og lokur voru sérsmíðaðar af eldsmiðnum Beate.

Endurbæturnar í Saurbæ voru unnar á vegum kirkjugarðsstjórnar Laugalandsprestakalls í samráði við sóknarnefnd Saurbæjarkirkju, en kirkjugarðar prestakallsins voru sameinaðir undir eina stjórn fyrir 10 árum. Heildarkostnaður við framkvæmdina var um 18 milljónir króna og var hún að stærstum hluta fjármögnuð af Jöfnunarsjóði kirkjugarða. Eyjafjarðarsveit og Saurbæjar-sókn studdu verkið með myndarlegum fjárframlögum og einnig styrktu Menningarsjóður KEA og Norðurorka verkið að ógleymdum Reyni á Bringu, formanni kirkjugarðsstjórnar Laugalandsprestakalls, sem gaf alla sína vinnu sem var ómæld. Reynir segist ánægður með hvernig til hefur tekist og segir nýju umgjörðina um kirkjugarðinn í Saurbæ sóma sér vel enda sé allur frágangur fallegur og í stíl við gömlu torfkirkjuna.

Minningarmark um Hring Jóhannesson



Í kirkjugarðinum í Nesi í Aðaldal stendur þessi fallegi minningarsteinn um Hring Jóhannesson myndlistarmann. Hringur fæddist í Haga í Aðaldal árið 1932 og lést árið 1996. Ættingjar og afkomendur Hrings fengu Guttorm Jónsson, myndhöggvara og húsgagnsmið á Akranesi til að útbúa steininn en þeir Hringur höfðu verið góðir vinir frá því að Guttormur stundaði myndlistarnám hjá Hringi.

Þorri, sonur Hrings segir Guttorm hafa tekið því ljúflega þegar fjölskyldan óskaði eftir að hann gerði minningarstein um Hring. Þá vildi svo til að hann hafði nýlega fundið granófírstein í nágrenni Húsafells í Borgarfirði sem hann taldi að gæti nýst vel. Það varð úr og um ári síðar var steinninn tilbúinn á stöpli frá Steinsmiðju S. Helgasonar og var hann settur upp í kirkjugarðinum í Nesi á heimaslóðum Hrings í Aðaldal árið 1997.

Guttormur Jónsson bjó öll sín búskaparár á Akranesi og lauk sveinsprófi í húsgagnsmiði við Iðnskóla Reykjavíkur 1963. Með vinnu við trésmiðar stundaði hann nám við myndhöggvaradeild Myndlistaskóla Reykjavíkur í fjögur ár. Hann hélt nokkrar einkasýningar, m.a. á Kjarvalsstöðum árið 1986 og tók þátt í fjölda samsýninga.

Á Akranesi eru fjögur útilistaverk eftir Guttorm sem var útnefndur bæjarlistamaður Akraneskaupstaðar árið 1994. Guttormur lést í september 2014.

Wacker Neuson býður upp á réttu tækin í alla almenna jarðvegsvinnu og garðaumhirðu



Smágröfur og beltagröfur frá 800 kg upp í 15 tonn. Hjólagröfur upp í 10 tonn.



Beltavagnar upp í 3 tonn og hjólavagnar (dumperar) upp í 10 tonn. Allt sem viðkemur jarðvegsvinnu.



Þjöppur, vibratorar, brotvélar, steinsagir, glattarar. Allt sem viðkemur steypuvinnu og þjöppun.



Fjór hjólastýrðar hjólaskóflur. Lágbyggðar og stöðugar vélar. Fáanlegar með lyftigetu allt að 4,3 tonnum. Möguleiki á 40 km aksturhraða. Tilvaldar í snjómokstur og alla alhliða vinnu.



Reykjavík:
Krókháls 16
110 Reykjavík
Sími 568-1500

Akureyri:
Lónsbakka
601 Akureyri
Sími 568-1555

Vefsíða:
www.thor.is





Kirkjugarðurinn í Ólafsfirði var vígður 20. desember 1915, degi á eftir vígslu kirkjunnar.

„Hlið himinsins“ í Ólafsfirði aldargamalt



Óskar Finnsson í kirkjugarðinum í Ólafsfirði í febrúar 2016.

Hér er takmarkið, kristnu menn! Hér er sá þröskuldur er vér verðum að stiga yfir til að geta komist heim til vors rétta föðurlands. Hingað stefna öll vor fótmál hvort sem vegur vor er blómstrum eða þyrnum stráður. Hér mætast vorir margvíslegu vegir, hér koma þeir saman í dauðans dimma dal og skiljast fyrst aftur hinum megin grafarinnar, til hægri og vinstri.“

Þannig hljóðuðu upphafsorð séra Helga Árnasonar þegar hann vígði nýjan kirkjugarð, sem hann kallaði „hlið himinsins“, í Ólafsfjarðarkauptúni fyrir liðlega einni öld, mánudaginn 20. desember 1915. „Ég helga þennan umgirta reit og skil hann frá öllum veraldlegum glaumi.“ Daginn áður vígði hann Ólafsfjarðarkirkju, á síðasta sunnudegi í aðventu 1915.

Séra Helgi var frumkvöðull að kirkjubyggingunni en það virðist vera nokkuð á reiki í seinni tíð hvenær hann nákvæmlega vígði guðshúsið. Í sögu Ólafsfjarðar, Hundrað ár í Horninu, og einnig í bókinni Forn frægðarsetur (í kafla um kirkjusetrið Kviabekk í Ólafsfirði) er sagt að kirkjan hafi verið vígð sumarið 1916. Helgi H. Árna-



Séra Helgi Árnason vígði kirkju og kirkjugarð Ólafsfirðinga á jólaföstu 1915.

son, verkfræðingur í Reykjavík og sonarsonur séra Helga, varðveitti ræðusafn afa síns frá prestsárum hans í Ólafsvík og Ólafsfirði. Búferlaflutningar snemma árs 2016 urðu til þess að farið var að glugga í skjölin og fundust þá vígsluræður tvær frá Ólafsfirði. Þar kemur skýrt fram að athafnirnar voru tvær. Kirkjan var vígð 19. desember 1915 og kirkjugarðurinn daginn eftir.

Hvað sem öðru líður minntist þáverandi Ólafsfjarðarprestur 90 ára afmælis kirkjunnar (réttilega!) á aðventu 2005 og núverandi prestur aldarafmælisins í desember 2015. Þá minntist Jón Þorsteinsson, tenór-

söngvari og Ólafsfirðingur, 100 ára vígsluafmælisins á sinn hátt seint á árinu 2015 með því að gefa út disk með jóla- og nýárssálmum, Inn er helgi hringd, og tileinka gömlu sóknarkirkjunni sinni.

Endist Ólafsfirðingum í hálfra öld í viðbót

Kirkjugarður Ólafsfirðinga hefur verið stækkaður oftar en einu sinni og oftar en tvisvar á öldinni sem liðin er frá



Óskar Finnsson telur að garðurinn á Ólafsfirði geti gegnt hlutverki sínu sem „hlið himinsins“ næstu 40 til 50 árin.

vígslunni. Byggðin hefur líka breitt heilmikið úr sér og umlykur garðinn á alla vegu.

Það er eftir því tekið hve áberandi vel hirtur og snyrtilegur kirkjugarðurinn er og umgjörð hans öll. Dæmi eru um að fólk úr öðrum héruðum komi til Ólafsfjarðar til að kynna sér hvernig eigi að hugsa um kirkjugarð svo vel fari! Það segir sína sögu.

Heiðurinn af þessu verki, framar öðrum, á Óskar Finnsson. Hann er umsjónarmaður kirkjugarðsins í hálfu starfi og sinnir umsjónarmennsku í sóknarkirkjunni í hinum helmingi starfs síns. Gjaldkeri sóknarnefndarinnar er ekki langt undan, Júlíanna Ingvadóttir, eiginkona Óskars.

„Ég byrjaði í þessu starfi árið 1999 og fór að merkja og skrá óskráðar grafir eins og unnt var, plantaði síðar trjárunnum og klippi þá og snyrti. Í seinni tíð hefur langstærsta verkefnið verið að steypa vegg í kringum kirkjugarðinn. Fyrir voru ónýtir, hlaðnir veggir. Þetta er mikil framkvæmd og dýr, spurðu bara gjaldkerann! Bæjarsjóður borgar steypuna en annan kostnað ber sóknarsjóðurinn. Lokaáfanginn við Aðalgötuna er eftir en það er alveg óráðið hvenær ráðist verður í hann.“

Kirkjugarður Ólafsfirðinga hefur nú verið stækkaður eins og unnt er. Óskar telur að garðurinn gegni hlutverki sínu sem „hlið himinsins“ næstu 40 til 50 árin og þá taki við annar reitur ljóss og sælu hvar svo sem sá verður afmarkaður. Séra Helgi orðaði það nefnilega svo við vígsluna forðum að í kirkjugarðinum legði ferðamaðurinn af sér „hinn jarðneska hjúp, til þess óhindraður og frjáls í fullkomnum heimum að stíga frá ljósi til ljóss, frá sælu til sælu.“

Messað yfir söf

Séra Helgi Árnason kallaði nýju kirkjuna í Ólafsfirði „musteri handa fámennri sókn á útkjálka landsins“ þegar hann vígði hana 19. desember 1915. Hann hafði áður verið prestur í Ólafsvík en fékk embætti á prestssetrinu Kviabekk í Ólafsfjarðarsveit. Þangað fluttu þau María Ingibjörg Torfadóttir árið 1906.

Í vígsluræðunni sagði hann að liðin væru meira en sjö ár frá því samþykkt var með meirihluta atkvæða á safnaðarfundum að „færa kirkju safnaðarins þangað sem um helmingur allra sóknarmanna var saman kominn á sama stað“ og bætti við:

„En óánægja sumra, deyfð og áhugaleysi annarra og almenn hræðsla við fjárskort lamaði um nokkurra ára bil allar framkvæmdir í þessu efni. Það eru ekki nema þrjú misseri síðan framkvæmdastjórn var kosin og almenn samskot hafin. Og þegar afráðið var á síðastliðnu vori að ráðast í þetta fyrirtæki og tekið var að leggja stein á stein ofan í musterit Drottins, var útlitið næsta iskyggilegt þar sem þá varla mátti telja vísan fjórðung hins nauðsynlega fjár og hins vegar vaxandi dýrtíð, samgönguleysi og haf- og þurrlendi umvafið heljargreipum hafiss.“

Úr rættist og fjármunir söfnuðust og „einnig alveg óvænt fé“, eins og prestur orðaði það án þess að skýra frekar. Kirkjan reis en umtalsverðu verki hefur trúlega verið ólokið þegar hún var vígð.

Séra Helgi þakkaði gefendum fyrir peningana og eilífum Drottni fyrir „frámunalega góða haustveðráttu sem óumflýjanlega var til þess að þetta hús gæti opnast“ þann daginn. Þá þakkaði prestur Drottni fyrir að halda verndarhendi yfir smiðunum og öðrum sem störfuðu við kirkjubygginguna og hlífa þeim við „öllum slysum sem byggingar oftlega hafa í för með sér.“

Presturinn sagði að með nýju kirkjunni hefðu íbúarnir glatað vegalengdinni fram í Kviabekkjarkirkju sem afsökun fyrir að sækja ekki messu og notaði drjúga stund í vígsluræðunni til að brýna fyrir söfnuði sínum að skerpa sig í kristnihaldi og mannasiðum: „Dýrð þessa nýja musteris verður meiri en hin fyrri ef vér útrýmum frá því öllum þeim ósiðum sem allri sannri guðrækni er til hindrunar“.

Séra Helgi nefndi sérstaklega óstundvísi kirkjugesta. Í stað þess að allir kappkostuðu að mæta á tilteknum tíma til guðsþjónustunnar væru menn að „smátínast til hennar

fnuði í tvennum skilningi

Kirkjuvígsluræða í Ólafsfirði 19. des. 1915.
 Náttúru þess þess, kærleiki guðs og fánafelu
 heil anda sé með þessum stundum, þess nýja hluti
 og öllum, sem hér eru sammantkominn. Amen.

Kirkjuvígsluræða í Ólafsfirði 20. des. 1915.
 Þessi er halmarkid, kristna menn, þessi er sá
 þristuldas, er nýja verðum að stiga yfir, hl

Aldargamlar vígsluræður séra Helga frá jólaföstu 1915, fyrirsagnir og inngangsorð með eigin hendi prestsins.



María Ingibjörg Torfadóttir og séra Helgi Árnason í stofu heima í Reykjavík sem var endastöð þeirra á æviferlinum eftir að hafa búið í Ólafsvík, Ólafsfirði og á Patreksfirði. Séra Helgi var tvíkvæntur. Fyrri kona hans var Ingibjörg Sigríður Torfadóttir. Hún lést 1888 og ári síðar kvæntist hann systur hennar, Maríu Ingibjörgu.

Þangað til hún er ef til vill hálfnuð eða komið undir enda hennar. Og á þann andlausa og leiðinlega hátt byrjar oft guðspjónustan að fólkið er með ysi og þysi að ryðjast til sæta sinna eða ef til vill að skeggræðast á meðan kór-bænin er lesin.“

Ekki nóg með það. Sóknarpresturinn bætti því við að fleiri kirkjugestir yrðu að „hírða um að eignast sálma-bókina og hafa hana með sér í guðs hús.“ Hann vildi að fleiri tækju undir í sálmasöngnum en lét þess samt getið að aðrir ættu ekki að syngja en „þeir sem gera það hneykslislaust og án þess að spilla listinni!“



Kirkjan fer með umsjón kirkjugarða í Noregi. Þessi mynd er tekin í Römskog.

Kirkjugarðar í Noregi

Helge Klingberg landslagsarkitekt skrifar

Sagan

Elstu kirkjugarðarnir eru að öllum líkindum frá lokum 10. aldar og margir eru frá 11. og 12. öld. Á þeim tíma voru kirkjugarðarnir alltaf stofnaðir í tengslum við kirkjurnar. Enn eru margar gamlar kirkjur í Noregi. Þær elstu eru stafkirkjur eða steinkirkjur. Allir kirkjugarðar frá miðöldum (frá því fyrir síðaskiptin 1537) eru friðaðir og nema mörgum hundruðum. Í þá má jarðsetja þegar sérstaklega stendur á. Allir þessir gömlu garðar hafa verið stækkaðir

einu sinni eða oft og yngri hluta þeirra má nota án sérstakra takmarkana.

Um aldamótin 1800 og 1900 var fjöldi kirkjugarða tekinn í notkun í þéttbýli. Í bæjunum varð mikil fjölgun og þörf fyrir grafarsvæði. Þá var kirkjugörðunum valinn staður utan við bæina. Síðan stækkuðu bæirnir og nú eru þessir kirkjugarðar græn svæði innanbæjar. Síðustu hundrað árin hafa fáir nýir kirkjugarðar verið teknir í notkun í

Enn eru margar
gamlar stafkirkjur í
Noregi. Þessi mynd er
tekin í Heddal.



Noregi, að meðaltali
aðeins einn á ári. En mjög
margir eldri kirkjugarðar
hafa verið stækkaðir. Nýir
kirkjugarðar í Noregi eru
sjaldan við kirkju. Nú eru
þar um það bil 2000
kirkjugarðar.

Minningarmörk

Fyrir siðaskiptin voru það
einungis kóngurinn og
aðrir fyrirmenn sem fengu varanleg minningarmörk. Þau
voru í þá daga liggjandi steinplötur með tilhöggnum
myndum og texta. Síðar urðu minningarmörk algengari.
Þeir sem höfðu efni á því útveguðu sér stein, en áfram
voru steinarnir liggjandi. Þannig var það alveg fram til
um 1790. Þá gekk í garð klassíska tímabilið sem stóð í 100
ár og báru þá minnismarkin sterkan svip grískrar og
rómværskrar fornaldar og endurspegluðu hana. Súlur,
óbeliskar og önnur minningarmörk í margvíslegu formi
sáust æ oftast, en voru þó enn sem fyrr nær eingöngu reist
þeim efnameiri. Grafstæðin voru einnig innrömmuð með
steinkanti og í mörgum tilvikum einnig girðingu. Liggj-
andi minningarmörk lögðust að mestu af á klassíska
tímabilinu, og síðan hafa þau oftast staðið. Steypujárns-
minnismark komust í tísku og í lok tímabilsins var
steypur fjöldi krossa með mismunandi táknum og
skreyti. Nær lokum 19. aldar var umbúnaður leiða
einfaldaður, minningarmörkin minnkuðu og urðu minni
og fábrotnari, en steinrammar héldust.

Tímabilið sem á eftir fór er kennt við rammagrafir. Það
stóð til 1960. Þá tóku grasflatakirkjugarðarnir við.
Næstum allir kirkjugarðar með rammagröfum voru gerðir
sniðhreinir og þeim breytt í grasflatakirkjugarða. Í
Guðbrandsdal þróaðist sérstök hefð frá lokum 18. aldar.
Margir afar hagir tréskurðarmenn bjuggu í dalnum á
þeim tíma og skáru þeir út akantusmótíf. (Akantus er
planta sem vex við Miðjarðarhaf). Í dalnum fannst líka
tálgusteinn, bergtegund sem vinna má í með sög, hnif og
höggjárn. Með tímanum fóru útskurðarmennirnir að
gera minnismark úr tálgusteini með akantusmótífum.
Vorðu þau oft á tímum hrein listaverk. Þannig listaverk
voru gerð í stórum stíl í um það bil 50 ár og nokkur minni
næstu 50 ár, og enn þann dag í dag er eitt og eitt minn-
ingarmark unnið úr tálgusteini í Guðbrandsdal.

Á 20. öld hafa næstum öll minningarmörk verið gerð úr

steini, og í Noregi hafa margar áhugaverðar og hentugar
steintegundir verið reyndar í því skyni. Norskir framleið-
endur hafa séð norska markaðnum fyrir minningar-
mörkum þangað til fyrir nokkrum árum. En nú hafa
minningarmörk frá Kína og Indlandi rutt sér til rúms. Það
stafar af því, að Kinverjar og Indverjar geta boðið ódýrari
vöru en Norðmenn.

Líkbrennsla

Fyrsta líkbrennslan með nútímasniði fór fram í Noregi
1907, og síðan hefur líkbrennsla aukist jafnt og þétt, en
þó ekki mikið borið saman við það sem tíðkast í ná-
grannalöndunum Svíþjóð og Danmörku. Árið 2014 voru
39% af þeim sem létust í Noregi brenndir og í landinu eru
nú 24 bálstofur.

Legstaður

Það hefur alltaf verið þannig í Noregi að legstæði má
nota aftur eftir ákveðið árabil. Lög kveða svo á að liða
þurfi minnst 20 ár þar til aftur má jarðsetja í leiði, en
jafnframt heimila þau að framlengja megi grafarfríðun-
ina ef þörf krefur. Þó vill fólk í Norður-Noregi helst
forðast að endurnýta grafirnar.

Sá sem deyr og kýs bálfor, fær sér úthlutað legstæði sem
er 1,5 x 1,5 m að stærð. Þar er hægt að jarðsetja fjögur
duftker. Duftker má einnig jarðsetja í eldri kistuleiði. Sá
sem ekki kýs líkbrennslu, fær úthlutað legstæði sem er
1,5 x 3,0 m að stærð og má í leiðinni taka frá annað
grafstæði við hliðina fyrir maka eða annan. Duft- og
kistuleiði eins og lýst er að ofan eru mörg í stórum reit.

Einnig má jarðsetja duftker í sérstaka minningarlandi.
Þau eru þá jarðsett í grafarsvæði þar sem hver gróf er 0,5
x 0,5 m að stærð og nafni hins látna er komið fyrir með
fleiri nöfnum á sameiginlegu minnismark. Umsjónarfólk
kirkjugarðsins ber ábyrgð á gróðursetningu blóma og

umhírðu svæðisins. Þetta er nýr háttur á jarðsetningu, og enn sem komið er hafa ekki allir kirkjugarðar slíka minningarlandi. En þeir neyðast til að koma þeim upp, því að það er eftirspurn eftir slíkri lausn. Einnig eru til minningarlandir fyrir kistur.

Duftker er einnig unnt að jarðsetja nafnlaust. Þá fá jafnvel ekki hinir nánustu að vita nákvæmlega hvar duftkerið er jarðsett. Legstæðið er 0,5 x 0,5 m og hvorki er gerð krafa um minningarmark né leyft að merkja gröfina með nafni. Þessi háttur á jarðsetningu hefur aldrei notið hylli í Noregi, en í Svíþjóð og Danmörku er þetta algengt.

Síðasta úrræðið sem leyft hefur verið í Noregi er öskudreifing. Hún má fara fram yfir sjó eða landi, en ekki í byggð eða þar sem búast má við að byggt verði. Árið 2014 var dreift ösku 367 manns og fer fjöldinn hraðvaxandi.

Umsjón

Kirkjan fer með umsjón kirkjugarða í Noregi, þ.e.a.s. kirkjuleg stofnun í hverju sveitarfélagi. En lögin gera ráð fyrir að sveitarfélagið geti tekið umsjónina í sínar hendur ef eining næst um það. Það hafa eingöngu fimm af 425 sveitarfélögum í Noregi gert.

Í hverju sveitarfélagi, þar sem kirkjan fer með umsjónina, á að vera daglegur umsjónarmaður kirkjugarðanna. Hann er ráðinn af kirkjunni. Lögin gera ekki kröfur um



Minningarmark úr tálguasteini í Gudbrandsdal.



Kraftvélur óska Kirkjugörðum Reykjavíkur til hamingju með tvær nýjar Weidemann smávélur



Dalvegur 6-8 • 201 Kópavogur • Sími 535 3500
Draupnigata 6 • 603 Akureyri • Sími 535 3526
www.kraftvelar.is • kraftvelar@kraftvelar.is

Minningin lifir meitluð í stein



STEINKOMPANÍÐ
Viðarhöfða 1



www.steinkompaniid.is

852 6111 852 7111



Fallega hlaðinn garðveggur í Ringsaker á Hedemark.



Úr kirkjugarði í Osló.



Í Noregi má nota legstæði aftur eftir ákveðið árabil.
Myndin er tekin í Hof.

aðra fastráðna. Þess vegna getur hver sem er tekið að sér umhirðu- eða rekstrarverkefni, t.d. sveitarfélagið eða sjálfstæðir verktakar. Algengast er þó að kirkjan ráði starfsfólk kirkjugarðsins.

*Erindi flutt 9. maí 2015 á aðalfundi KGSÍ í Reykjavík.
Þýtt yfir á íslensku af Hirti Pálssyni.*

www.uth.is
uth@uth.is

FRÍMANN & HÁLFDÁN
ÚTFARARÞJÓNUSTA



ÚTFARARÞJÓNUSTA
HAFNAFJARÐAR

Stapahrauni 5, Hfj.
Sími 565-9775



Frímann
s: 897-2468



Hálfán
s: 898-5765



Ólöf
s: 898-3075



Helge Klingberg heldur erindi sitt á aðalfundi Kirkjugarðasambands Íslands.

Upplýsingar um Helge Klingberg landslagsarkitekt og fyrrum umsjónarmann kirkjugarða í Noregi

Ég held að það sé ekki á neinn hallað þó ég segi að Helgi sé einna fremstur á sínu sviði á Norðurlöndum. Eftir að hann lauk námi sem landslagsarkitekt byrjaði hann að kenna við garðyrkjuskóla á Gjærnestad. Síðan stofnaði hann sína eigin teiknistofu. Árið 1979 hóf hann kennslu í kirkjugarðafræðum við landbúnaðarháskólann á Ási en árið 1996 var hann skipaður prófessor við skólann. Við sem höfum sótt þennan skóla höfum notið leiðsagnar hans og hefur hann kveikt áhuga margar með kennslu sinni um kirkjugarða. Starf umsjónarmanns kirkjugarða í Noregi hefur þó verið aðalstarf

Helga frá árinu 1981 og þangað til fyrir þremur árum þegar hann lét af störfum þá orðinn 72 ára.

Helge hefur í gengnum tíðina verið mjög virkur í starfsemi kirkjugarðasambandsins í Noregi sem heitir *Landslaget for kirkegårdskultur* og hefur hann skrifað fjölda greina í blað sambandsins auk þess sem eftir hann liggja margar bækur um minningarmörk, skipulag og umhirðu kirkjugarða.

Guðmundur Rafn Sigurðsson

EINSTÖK SLÁTTUVÉL FYRIR KIRKJUGARÐA



Vetrarsól ehf.

Askalind 4
Kópavogur
Sími 564 1864
vetrarsol@vetrarsol.is



Nýjung!

**Stiga Twinclip 50
SB lúxus sláttuvél**

- B&S mótur, 625E sería
- Tvískiptur hnífur saxar grasið X-smátt
- Graskassinn losaður m/ einni hendi, 70 lítrar
- Þvottastútur til þrifa á hlemm vélar

Þakkir frá ábyrgðarmanni og samstarfsmönnum í ritnefnd Bautasteins

Sigurjón Jónasson, fyrrverandi rekstrarstjóri Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma, var einn af frumkvöðlum við útgáfu Bautasteins og hefur hann verið í ritnefnd frá útkomu fyrsta tölublaðs 1996. Sigurjón sjá um auglýsingasölu í blaðið og hafði hönd í bagga varðandi útlit blaðsins og greinaval. Sigurjón sá um að fá Huldu G. Geirsdóttur að blaðinu árið 2006 en hún hafði umsjón með blaðinu og annaðist greinarskrif fram til 2015. Þegar Sigurjón tilkynnti ábyrgðarmanni blaðsins að hann vildi draga sig alveg í hlé var óskað eftir því að hann héldi áfram í ritstjórn og féllst hann á það.



Sigurjón Jónasson.



Hulda G. Geirsdóttir.

Sigurjóni og Huldu eru færðar bestu þakkir fyrir frábær störf við útgáfu Bautasteins, störf sem upplýst hafa fólkið í landinu um málaflokk sem skiptir allar fjölskyldur miklu máli og er þjónusta sem enginn getur verið án.

F.h. ritstjórnar,
Þórsteinn Ragnarsson



**STEINSMIÐJA
AKUREYRAR**
MINNISMERKI.IS

★ Frábært úrval

★ Mjög góð verð ★ 30 ára reynsla

Skodið úrvalið á

MINNISMERKI.IS



Steinsmiðja Akureyrar • Glerárgötu 36 • 600 Akureyri
S: 466 2800 • sala@minnismerki.is • www.minnismerki.is
Opnunartími: mánud.-föstud. kl. 13-17




Pixy liðléttingar & Goupil rafmagnbílar

Íslyft ehf

Vesturvör 32 - 200 Kópavogur
Sími 564-1600 islyft@islyft.is
www.islyft.is



STEINBOCK ÞJÓNUSTAN



Í umróti árunna í kringum aldamótin 1900 fóru ný viðhorf og framsækin að leika um Hólavallagarð og ásýnd hans fór að hafa áhrif á viðhorf almennings til garðsins.

Í pistli mínum um Hólavallagarð að þessu sinni er sjónum beint að umróti árunna í kringum aldamótin 1900 og hvernig ný viðhorf og framsækin fóru að leika um kirkjugarðinn. Ásýnd garðsins fór að hafa áhrif á viðhorf almennings til hans og jafnvel fóru menn að horfa á ástandið í garðinum á Melunum með augum útlendinga sem hingað komu.

Í blaðinu Nýja öldin, í ritstjórn þess yfirvararskeggprúða ritstjóra og uppreisnarmanns Jóns Ólafssonar, birtist árið 1898 grein undir yfirskriftinni Kirkjugarðurinn í Reykjavík. Þar fer hann hörðum orðum um ástand kirkjugarðsins og það sem er til hinnar mestu vansa – girðinguna umhverfis. Hann segir:

„Þá er fyrst að tala um girðinguna kringum hann. Hún er svo léleg, að slíkt er með öllu óhæfilegt, víða nærri fallin. Á þeirri hlið garðsins, er að götunni snýr, er hún rekin saman úr staurum, sem allir hallast og stólpafæturnir fúnir og litt nýtir. Á öðrum hliðum garðsins er hrófað upp grjóttvegg, sem víða er hálfhruninn. Geta stórgripir komist inn í garðinn og skemt þar minnismerki og annað; mætti þó ekki minna vera, en að girðingin væri gripheld, svo minnismerkin stæðu óhögguguð af þeirra völdum og ekki væri traðkað af kúm og hestum á moldum þeirra, sem hvíla þar fyrir ærið fé.“


Svo heldur ritstjórinn áfram og lýsir frati á líkhúsið,

stígana og ástandi minnismerkisins yfir Jón Sigurðsson sem þarna er aðeins tæpra tveggja áratuga gamalt: „Letrið á steininum er svo dauft og letrið á marmaraplötunni fyrir neðan er litlu skýrara. Og hverjum sönnum Íslendingi, hverjum sem metur Jón Sigurðs., mikilmennið dána, að maklegleikum, hlýtur að sárna það mjög, að ekki skuli vera gert svo mikið til að halda minningu hans á lofti, að halda minnisvarðanum við. Það þarf að gylla letrið að nýju, það þarf að mála grindurnar umhverfis varðann og það sem fyrst. Það má ekki eiga sér stað, að aðkomumenn, sem sjá vilja minnisvarðann, geti gengið svo framhjá honum, að þeir viti ekki hvaða varði þetta er, nema einhver kunnugur geti sagt þeim það. Og hér þarf ekki að bera við féleysi, því nóg fé er fyrir hendi til þess að halda minnisvarðanum sómasamlega við, enda mundu margir þeir, sem unna minningu Jóns Sigurðssonar, vera fúsir til fjárframlaga til þessa, því fremur sem þetta hefir sáralítinn kostnað í för með sér, ef á þyrfti að halda.“

Jón ritstjóri taldi samt að hann væri að skrifa fyrir daufum eyrum og tekur fram í lok greinarinnar að hann búist við því að: „orð vor fá ef til vill sömu afdrif og flestar blaðagreinar, að ef þau verði lesin, fari þau inn um annað eyrað og útum hitt. En mjög skyldi það gleðja oss, ef vér sæjum að þau hefðu einhvern árangur til umbóta á því, er vér höfum tekið fram, að oss þykir hér miður fara.“

Að girða kirkjugarð – aldarfarslýsing

Sólveig Ólafsdóttir
sagnfræðingur skrifar



Og hvort sem það var vegna þessarar ádrepu ritstjórans eða að hann talaði fyrir munn margra í hinum unga höfuðstað, brást sóknarnefnd dómkirkjusöfnuðarins í Reykjavík við í kjölfarið og upphófst þá nokkurra ára baks við að stækka kirkjugarðinn, fegra hann og því sem mestu máli skipti; að koma upp gripheldri girðingu utan um allan garðinn.

Fyrsta versió að girðingingarframkvæmdunum er útlagt í kjölfar á nýrri lagasetningu um kirkjugarða á Íslandi frá árinu 1901. Lögin eru afar einföld og stutt og snúa eingöngu að því aldalanga ágreiningsefni, hver ætti að, annars vegar, að leggja land undir kirkjugarða og hins vegar, að bera kostnað af framkvæmdum við þá og þar með hinar mikilvægu girðingaframkvæmdir.

Í fyrstu af fjórum afar stuttum greinum laganna kemur fram að eigandi eða umráðandi kirkju er skyldur til að leggja til hæfilega kirkjugarðslóð, hvenær sem þörf er á, svo og efni í garð umhverfis. Í annarri grein er kveðið á um að „garðgjörðin“ hvili jafnt á öllum sóknarmönnum sem gjalda til prests og kirkju og sama eigi um viðgerð á garðinum, „ef svo er vaxin að hlutaðeigandi prófastur telji ástæðu til að leita aðstoðar safnaðarins.“ Í þriðju grein örlar fyrir nútímavæðingu með tilheyrandi verkskiptingu og verkkaupum. Þar segir „þegar sóknarnefndin telur það hentast, má hún ráða menn fyrir kaup til að vinna verkið. Ef þörf gjörist, má til bráðabirgða

greiða kostnaðinn við þetta af fje kirkjunnar, en nefndin jafnar honum síðan niður jafnt á alla vinnuskylda sóknarmenn. Nú lætur einhver í tæka tíð þá ósk í ljósi, að hann vilji vinna af sjer sinn hlut, og verkið er svo vaxið, að því megi við koma, og má þá sóknarnefndin leyfa það.“ Og til að gulltryggja innheimtur af sóknargjaldi kemur fram í fjórðu grein að taka megi lögtak hjá vinnuskyldum safnaðarmanni fyrir framlögum til sóknarnefnar og kirkju ef „hann hefur látið ógjört liggja.“

Í umræðum á Alþingi og í greinargerð um frumvarpið kemur fram mjög svipuð ástandslýsing á kirkjugarðinum í Reykjavík og Jón ritsjóri Ólafsson dró fram í grein sinni og það hafi hreyft við stiftsyfirvöldum. Þá hafi komið í ljós að lagagrundvöllur kirkjugarða var kominn nokkuð svo mjög til ára sinna eða réttara sagt, kominn á aðra öld og átti bara við um einfalt sveitasamfélag með afmarkaðri tíund en ekki flókið þéttbýli. Einnig kemur fram í umræðum mikið þras um efnisgerð girðinga í kringum kirkjugarða og sitt sýndist hverjum, torf og grjót, timbur, steinhleðsla og það allra nýjasta utan úr heimi, steypdur veggur úr sementi, grjóti og sandi með „gisimi“ eða vatnshalla/veggbrún að ofan.

Hinn níunda dag júnímánaðar árið 1901 var haldinn almennur safnaðarfundur fyrir Reykjavíkursókn í fundarsal Valgarðs Ólafssonar kaupmanns sem nefndi sig W. Ó. Breiðfjörð. Húsið sem fundarsalurinn var í gekk



Um 1912-1915, líkfylgd á eftir líkvagni (hestvagn) á Suðurgötu. Sjóliðar ganga fyrir fylgdinni. Tjörnin og Tjarnargata.

Magnús Ólafsson/Ljósmyndasafn Reykjavíkur.

undir nafninu Fjalarkötturinn og má rekja upphaf kvikmyndasýninga á Íslandi til þessa salar. Hafði fundur þessi verið boðaður með auglýsingum í blaðinu Ísafold og á venjulegum auglýsingastöðum víðsvegar í bænum og af prédikunarstól í dómkirkjunni sunnudeginum áður. Dómkirkjuprestur, síra Jóhann Þorkelsson, setti fundinn og stýrði honum. Fyrir fundinum lágu tvö mjög mikilsverð mál, annað var að kjósa nýja sóknarnefnd og hitt var að hefja undirbúning við að girða kirkjugarðinn sómasamlega. Þeir sem voru kosnir til sóknarnefndar voru allir framámenn í Reykjavík á þessum tíma: Kristján Ó. Þórgímsson kaupmaður var formaður sóknarnefndar. Hann var mikill framkvæmdamaður í Reykjavík, sænskur konsull og bæjargjaldkeri. Hann byggði meðal annars húsið við Kirkjustræti 10 og rak þar bókabúð og skrifstofu. Ólafur Ólafsson bæjarfulltrúi, Ingjaldur Sigurðsson hreppstjóri og Árni Gíslason leturgrafari sátu ennfremur í sóknarnefndinni og einnig sjálfur Valgarður Breiðfjörð sem var álika umsvifamikill í bæjarlífinu og Kristján auk þess að stunda töluverð milliríkjavíðskipti og gefa út og ritstýra blaðinu Reykvíkingi. Þarna var valinn maður í hverju rúmi. Það verður ekki séð í fljótu bragði hvor þeirra Kristján eða Valgarður hafi á þessum tíma tryggt sér umboð fyrir sementsinnflutning til landsins eða einhver annar kaupmaður af þeirra tagi.

Ári síðar, í byrjun mars 1902 og eftir töluverð fundarhöld kom sóknarnefndin saman til að reka smiðshöggð á ákveðnar tillögur til að leggja fyrir almennan safnaðar-



Úr Hólavallagarði. Áður fyrr voru leiði í kirkjugörðum gjarnan afmörkuð með stein- eða járngirðingum.

fund: „Fundarmönnum kom saman um að leggja það til að haldið yrði áfram að endurbyggja austurhlið kirkjugarðsins eins og nú er byrjað á, með tréstólpum og járnlötum, en suðurhlið og vesturhlið garðsins, sem er úr grjóti, skyldi endurhlaðast úr því grjóti, sem fyrir hendi er, bæði úr þeim hliðum og úr norðurhlið hinar núverandi girðingar, sem yrði tekin í burtu, en í stað þess norðurhliðin, sem tæki yfir hina nýfengnu löðarspildu [úr landi Melshúsa sem keypt var af stiftsyfirvöldum fyrir á árinu 1902] yrði girt með girðingu úr timbri, sem álitid er að fáist að miklu leyti úr hinn gömlu trégirðingu austur-



Um 1929-1931. Kirkjugarðurinn við Suðurgötu. Mynd tekin inni í kirkjugarðinum þar sem Ljósvallagata, Sólvallagata, Hólatorg og Landakotskirkja eru í bakgrunni.

Árni Jónsson/Ljósmyndasafn Reykjavíkur.



Jón Ólafsson ritstjóri skrifaði í ádrepu um kirkjugarðinn í Reykjavík árið 1898 og lýsti þar frati á líkhúsið í garðinum, stígana og ástandi minnismarkisins yfir Jón Sigurðsson sem þarna var aðeins tæpra tveggja áratuga gamalt.

hliðarinnar.“ Þetta var sem sagt tillagan sem var borin undir almennan safnaðarfund sem haldinn var í Iðnaðarmannahúsinu 21. mars 1902. Á fundinn mættu 70 atkvæðisbærir menn og urðu mjög fjörugar umræður um girðinguna. Þær hnigu yfirleitt að því að garðurinn ætti að vera úr höggnu grjóti eða sementssteypu og var það samþykkt með þorra greiddra atkvæða að fela sóknarnefndinni að bera fram á safnaðarfund, sem halda átti innan skamms, rækilegar kostnaðaráætlanir um „vegg hlaðinn úr högnu grjóti og í annan stað hlaðinn úr sementssteypu“. Í maí voru komnar fram kostnaðaráætlanir fyrir þriggja álna háan garð með veggbrún báðum megin úr afsettu grjóti. Þar átti álnin að kosta 13 kr. 52 aura, 14 kr. 12 aura eða 12 kr. eftir því hvað vandlega yrði frá honum gengið. Úr sementssteypu ætluðu þeir álnina á kr 15 kr. 92 aura sem var töluvert meiri kostnaður en við venjulegan steinvegg. Fundurinn þótti ekki nægilega fjölmennur til að taka svo afdrifaríka ákvörðu um jafn stórvægilegt kostnaðarmál og var ákveðið að kynna kostnaðinn opinberlega fyrir næsta fund auk þess að koma einnig með kostnaðaráætlun um girðingu sem eingöngu ætti að vera gripheld en ekki til fegurðarauka fyrir garðinn og bæinn.

Eitthvað vafðist þessi ákvörðun safnaðarins fyrir sóknarnefndinni og það var ekki fyrr en tæpu ári seinna eða í febrúar árið 1903 að næsti almenni safnaðarfundur Reykjavíkursóknar var haldinn. Þá var sóknarnefndin tilbúin með nýja aðaltillögu sem var mjög frábrugðin

samþykkt safnaðarins frá því árinu áður. Hún lagði til að setja á austurhlíð, með Suðurgötu, girðingu „með sterkum tréstólpum og langböndum, járnklædda með plögum, er mundi kosta á þessa hlið gamla kirkjugarðsins 750 kr.“ Ennfremur lágu fyrir fundinum áætlanir um girðingar á þessari hlið, annars vegar úr höggnum steini á kr. 2.500,- úr sementsstreypu á kr. 2.200,- og úr „afsettu“ grjóti á kr. 3.488,-. Þessi austurhlíð var talin um 1/3 allrar girðingarinnar á garðinum eins og hann lá fyrir á þeim tíma. Hinar hliðar kirkjugarðsins áttu skv. sóknarnefnd að verða í „sama formi og nú, venjulegur grjótgarður. Langar umræður urðu um málið og tóku þátt í þeim sóknarnefndarmennirnir Breiðfjörð, Kristján Þorgrímsson og Ólafur Ólafsson, og amtmaður J. Havsteen, bankastjóri Tr. Gunnarsson, síra Jón Helgason, séra Þórhallur Bjarnarson, Bjarni trésmiður Jónsson og mannvirkjafræðingur Knud Zimsen,“ segir í fundargerðinni. Það fór svo að aðaltillaga sóknarnefndarinnar var felld með öllum þorra atkvæða samhljóða og önnur tillaga sem Knud Zimsen bar upp samþykkt en hún fól í sér girðingu úr steinstreypu með járn inni í en aðeins fyrir austurhlíðina, þ.e. Suðurgötuhlíðina.

Nú fóru hlutirnir aldeilis að gerast hratt. Á sóknarnefndarfundum aðeins tíu dögum seinna var komið tilboð frá félögum í Steinsmiðafélagi Íslands í girðinguna. Það sem vekur athygli er að í fundargerðinni er aðeins einn steinsmiður nafngreindur þrátt fyrir að það komi fram að tilboðin hafi verið fleiri en frá einum smiði en það var einmitt sá nafngreindi steinsmiður, Stefán Egilsson sem fékk verkið – að gera garð úr klofnu grjóti afsett og fúgað út á framhlíð og kastaðan með sementi yfir á bakhlið, með „gisimi“, þ.e. hliðarhalla að ofan á kr. 31,- og 50 aura faðminn. Ekki kemur fram samtala fyrir verkið allt í fundargerðinni og það verður til þess að erfitt er að bera saman kostnaðartölur á milli funda. Knud Zimsen, síðar

borgarstjóri var svo á sama fundi fenginn til að sjá um samingagerð og eftirlit með verkinu.

Á næstu fundum kom fram að verkið var kannski ekki eins auðvelt og fyrirsjáanlegt eins og það leit út í upphafi. Það þurfti að fá leyfi frá byggingarnefnd Reykjavíkur til að færa vegginn út í Suðurgötuna vegna leiða sem lágu alveg upp í gömlu girðingunni og það þurfti að ganga frá vatnsrennu meðfram veggnum sem sóknarnefnd vildi fyrir alla muni fá bæjarstjórnina í Reykjavík til að kosta. Einnig varð að fá lán til framkvæmdanna hjá Landsbanka Íslands en Tryggvi Gunnarsson bankastjóri var talinn mjög meðmæltur þessu verkefni.

Gerð vatnsrennunar varð að sönnu kostnaðarauki við verkefnið og taldi Knud Zimsen hana kosta kr. 2,- og 50 aura álnina. Stefán steinsmiður var beðinn um að taka verkið að sér og sóknarnefndin ályktaði á fundi 16. mars 1903 að verkið allt mætti ekki fara í kostnaði yfir kr. 13,- og 50 aura á álnina og ekki yrði greitt fyrir verkið fyrr en 1. janúar árið 1904. Að þessu tilboði gat Stefán ekki gengið og það var úr að gengið var til samninga við Stefán um álnaverð kr. 13,- og 70 aura og greiðslu að verki loknu.

Á sóknarnefndarfundum hinn 18. september 1903 gat svo Knud Zimsen tilkynnt að girðingin meðfram Suðurgötu væri tilbúin. Hún kostaði kr. 3.578,- og 72 aura sem var töluvert dýrara en dýrasti möguleikinn sem settur var fram á almenna safnaðarfundinum árinu áður. Auk þess var ákveðið á fundinum að greiða hr. Knud Zimsen kr. 100,- fyrir umsjón með verkinu og byrja strax á hinni lögskipuðu niðurföfnun kostaðarins á alla safnaðarmeðlimi dómkirkjunnar í Reykjavík. Var Kristján Þorgrímssyni kaupmanni falin innheimtan. Kristján stóð í ströngu við innheimtuna og á sóknarnefndarfundum hinn 16.



Steinveggurinn umhverfis Hólavallagarð er farinn að láta á sjá þrátt fyrir margvíslegar endurbætur í gegnum tíðina. Myndin er tekin í Suðurgötu.



Frá líkfylgd Jóns Magnússonar forsætisráðherra árið 1926. Myndin er tekin við Lækjartorg. Jarðsett var í Hólavallagarði.

desember 1903 skýrði hann frá því að af kirkjugarðsgjaldinu væri „innheimt sem svaraði því er samið hefði verið við steinsmiðina og væri þeim borgað að fullu samkvæmt samningum. Ógreitt væri enn fyrir hliðin í garðinum og fleira, og væri ógildið fyrir því. Hefði verið auglýst í dag, að lögtök yrðu gerð á þeim gjöldum sem ógreidd væru.“ Skýrði sóknarnefndarmaðurinn frá því að innheimta þessi hefði bakað sér svo mikið ómak og kostað sig svo mikinn tíma að prósentur þær, sem

ákeðnar hefðu verið svöruðu eigi nærri þeirri fyrirhöfn.“ Þetta fannst sóknarnefndinni alveg ótækt. Hún kom sér saman að að bæta Kristjáni upp þetta mikla ómak með því að veita honum 5% af öllum þeim gjöldum sem kæmu inn með því lögmæta lögtaki sem framundan væri hjá þeim safnaðarmeðlimum sem ekki hefðu greitt skuldir sínar vegna framkæmda við kirkjugarðinn.

Svo mörg voru þau orð um girðinguna góðu við Suðurgötu. Ekkert er nýtt undir sólinni, hvorki ágreiningur um ásýnd nánasta umhverfis, viðhald á kirkjugörðum eða kostnaðarskiptingu og skattheimtu alþýðunnar. Ekki er hægt að sjá á fundargerðum hvort dómkirkjusófnuðurinn í Reykjavík hafi sætt sig við málalok en merkilegt er þó að sjá að Bárufélagið sendi sóknarnefndinni veglegan reikning fyrir viðgerð á brotnum stólum eftir almennan safnaðarfund í Bårunni sem haldinn var mánuði eftir framangreindan sóknarnefndarfund eða í janúar árið 1904.

Heimildir:


Alþingistiðindi 1901.

Gerðabók sóknarnefndar dómkirkjusafnaðarins sem varðveitt er á Þjóðskjalasafni Íslands.

Íslenzkar æviskrár eftir Pál Eggert Ólason.

Ný veröld, blað í ritstjórn og eigu Jóns Ólafssonar.

Minning sem lifir



Álskildir – koparskildir – krossar – merkingar fyrir duftker

HELLA ehf. Málmsteypan

Kaplahrauni 5 - 220 Hafnarfjörður - Sími 565 1022 - hella@hella.is - www.hella.is



Bálfararfélag Íslands var stofnað árið 1934. Félagið náði markmiði sínu er fullkomin bálstofa var reist árið 1948 við Fossvogskirkju.

Bálfarir á Íslandi aukast ár frá ári

Bálfarir hér á landi hafa stöðugt verið að aukast undanfarin ár og áratugi. Fyrir um 20 árum létu aðeins um 10% látinna brenna sig en nú um þriðjungur. Á höfuðborgarsvæðinu er talan nú komin vel yfir 40% og stutt í að önnur hver útför verði bálför. Gera má ráð fyrir að á næstu árum muni æ fleiri kjósi bálför fremur en jarðsetningu og er það í anda þeirrar þróunar sem hefur orðið í Skandinavíu.

Bálfarir eiga sér langa sögu

Sögu líkbrennslu í henni veröld má rekja aftur til fyrri hluta steinaldar, þ.e.a.s. 3000 f. Kr. Breiddist siðurinn út um alla Evrópu næstu aldir og varð líkbrennsla algeng í útfararsíðum Grikkja. Á tíma rómverska heimsveldisins, frá 27 f. Kr. til 395 e. Kr. var líkbrennsla mjög algeng og frá þessum tíma eru til fagurlega skreytt duftker í sérstökum byggingum sem kallast „columbarium“. Í gyðingdómi og í frumkristni var aftur á móti algengara að um hina látnu væri búið í grafhvelfingum og um 400 e. Kr., eftir að Konstantínus mikli gerði kristna trú að ríkistrú, var líkbrennsla nær aflögð í hinu rómverska ríki til aðgreiningar frá grafarsíðum heiðinna manna.

Hvarvetna á Norðurlöndum voru bálfarir alþekktar á víkingaöld. Frágangur kumla með haugfé og öðru, sem við átti, var eins, hvor aðferðin sem viðhöfð var. Bendir ýmislegt til þess að bálfararsíðurinn hafi verið aflagður af þeim sem námu ný lönd á víkingaöld, m.a. á Orkneyjum, Hjaltlandseyjum, Færeyjum, í nýbyggðum fyrir vestan

haf og á Íslandi. Örfá dæmi eru um brunakuml á eyjum í Norður-Atlantshafi og vestan hafs en yfirleitt er um að ræða fremur fábreytt beinakuml. Þó er talið að á sumum svæðum á Norðurlöndum hafi bálfarir oft á tíðum verið algengasti útfararsíðurinn, þar til meirihluti íbúa tók kristni. Ástæðan var þó ekki trúarlegs eðlis, heldur fremur sú að kristnir menn vildu aðgreina útfararsíði sína frá þeim síðum sem fyrir voru.

Líkbrennsluofnar koma til sögu

Bálfararhreyfing nútímans á rætur sínar að rekja til miðrar 19. aldar þegar Brunetti, ítalskur prófessor, þróaði og fullgerði líkbrennsluofn sem sýndur var á heimssýningunni í Vín árið 1873. Á Bretlandi var Sir Henry Thompson, skurðlæknir Viktoríu drottningar, frumkvöðullinn. Hann stofnaði ásamt starfsbræðrum sínum Bálfararfélag Englands (Cremation Society of England) árið 1874 og fyrsta bálstofan í Evrópu var byggð árið 1878 í borginni Woking á Englandi og á sama tíma reis bálstofa í Gotha í Þýskalandi. Í þann tíð var allt aðþrengt í kirkjugörðum, sem voru inni í miðjum borgum og var frágangur ekki sem skyldi. Forvígismenn bálfaranna vildu láta leggja bann við jarðsetningu í þéttbýli og ráku áróður fyrir líkbrennslu. Hún var að þeirra dómi eina leiðin til þess að tryggja viðunandi hreinlætis- og heilbrigðisaðgæslu við útfarir.

Vakning í upphafi 20. aldar

Hér á landi, eins og einnig var raunin í Englandi á 19.



öldinni, voru það læknar sem gerðust talsmenn bálfararsíða á fyrstu áratugum 20. aldarinnar. Gerðu þeir það fyrst og síðast af hreinlætis- og heilbrigðisástæðum. Fyrstu lög hér á landi um líkbrennslu voru sett fyrir 100 árum eða árið 1915 að frumkvæði Sveins Björnssonar, síðar forseta Íslands. Hálfum öðrum áratug síðar skipaði bæjarstjórn Reykjavíkur nefnd er gera skyldi tillögur að

Starfsmenn Bálstofu í Fossvogskirkju við ofnana frá 1948, Gísli Sveinbjörnsson og Þorgrímur G. Jörgensson. Þessir ofnar eru enn í notkun en í árunna rás hafa þeir verið lagfærðir þannig að þeir standist kröfur um mengunarnarnir og heilbrigðishætti.

bálstofu og staðsetningu hennar í bænum. Ekki var þó málinu fylgt eftir af neinni festu uns Bálfararfélag Íslands var stofnað árið 1934 en í stjórn þess voru kosnir Gunnlaugur Claessen læknir, Benedikt Gröndal verkfræðingur, Ágúst Jósefsson heilbrigðisfulltrúi, Björn Ólafsson stórkaupmaður og Gunnar Einarsson prentsmiðjustjóri.

Í upphafi var ætlunin að reisa bálstofu í kirkjugarðinum við Suðurgötu eða á Sunnuhvolstúni, en frá því var horfið þegar framkvæmdir í Fossvogskirkjugarði komust á döfina. Árið 1945 veitti viðskiptaráð Bálfararfélagi Íslands samþykki sitt til yfirfærslu gjaldeyris vegna kaupa á tveimur rafmagnshituðum líkbrennsluofnum frá Svíþjóð. Bálfararfélagið náði markmiði sínu er fullkomin bálstofa var reist 1948 við Fossvogskirkju. Fyrsta bálför í nútíma á Íslandi fór svo fram á vígsludegi Fossvogskirkju þann 31. júlí 1948 þegar jarðneskar leifar dr. Gunnlaugs Claessen voru brenndar. Þessir ofnar eru enn í notkun en í árunna rás hafa þeir verið lagfærðir og þannig búið um hnúta að rekstur þeirra standist kröfur um mengunarnarnir og heilbrigðishætti.



Kistur í úrvali

Við bjóðum mikið úrval af vistvænum kistum, bæði íslenskar og einnig frá Danmörku, sjá úrvalið á heimasíðu okkar.

Sæng, koddí og blæja fylgja með kistunum.
Hægt að kaupa sængurfatasett úr bómullardamaski sérstaklega.



Útfararstofa kirkjugarðanna


Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | utfor.is

Fróðleiksmolar um bálfarir

- Tíðni bálfara er ekki mjög há í löndum þar sem kaþólsk trú er ríkjandi. Á því eru þó undantekningar, t.d. í Sviss en langflestir kjósa bálför þótt um 40% íbúanna játi kaþólska trú.
- Tíðni bálfara er nokkuð há í mörgum þeirra ríkja þar sem mótmælendatrú er ráðandi. Hlutfallið er um 73% í Bretlandi og það er um 76% í Svíþjóð. Þess má geta að á Íslandi er hátt í fjórðungur útfara bálfarir og hefur hlutfallið vaxið töluvert á síðustu árum.
- Í Danmörku og Svíþjóð er hlutfall bálfara hæst á Norðurlöndunum eða um 77% á landsvisu en vel yfir 90% í Kaupmannahöfn. Mun færri kjósa bálför í Noregi, þar sem hlutfallið er tæp 40% og það er aðeins 20% í Finnlandi. Fyrir um 20 árum var hlutfallið lægst hér á landi eða í kringum 10% en nú velur um þriðjungur landsmanna bálför.
- Í Rétttrúnaðarkirkjunni eru bálfarir ekki samþykktar, hjá Vottum Jehova er það undir hverjum og einum komið hvernig útför fer fram en Mormónar mæla frekar með að lík séu grafin en brennd.
- Áætlað er að um 23% mannkyns teljist til múslima. Íslam leyfir ekki líkbrennslu.
- Hindúasiður er elstur af algengustu trúarbrögðum nútímans og samkvæmt boðum hans eru lík alltaf brennd.
- Í búddisma eru líkbrennslur viðtekin venja. Sem dæmi má nefna að í Tailandi er tíðni bálfara um 80%, um 90% í Tævan og Hong Kong og 77% í Singapore.
- Í Kína eru um 50% útfara bálfarir. Þar kemur þó sjálfsgagt fleira til en viðhorf trúarbragða, því samkvæmt reglum Kommúnistaflokksins skyldu lík brennd. Því hefur þó ekki verið fylgt mjög strangt eftir.
- Af öllum löndum heimsins eru líkbrennslur algengastar í Japan. Þar í landi eru yfir 99% útfara bálfarir.
- Gyðingar hafa lengi verið andvígir bálförum. Á okkar tímum leyfa frjálslyndir gyðingar bálfarir en strangtrúaðir gyðingar leggjast gegn þeim.

Heimild: Visindavefur Háskóla Íslands.

Fagleg þjónusta í 47 ár!



**Bjóðum úrval útfararkransa,
kistuskeytinga og blómakrossa**


Síðumúla 20, Reykjavík / Sími 553 1099
blomabud@blomabud.is / www.blomabud.is

Blóm á grafreiti

Tökum við pöntunum fyrir Hólavallagarð
við Suðurgötu, Gufuneskirkjugarð, Sólland
og Fossvogskirkjugarð



Upplýsingar alla virka daga frá
kl. 9 - 16 í síma 585 2770



Bálfarabeidni
skipulag útfarar - æviágrip

*Athyglisverðar
upplýsingar, kynnið
ykkur málið!*

www.kirkjugardar.is



Duftgarðurinn í Fossvogi

Nú eru liðin 65 ár frá því framkvæmdir hófust við duftgarðinn í Fossvogskirkjugarði

Langstærsti duftreitir hér á landi er við Fossvogskapellu en sögu hans má rekja allt aftur til ársins 1948 þegar kirkjan varð vígð. Teikningar að upphaflega duftgarðinum þar, og þeim fyrsta á landinu, voru lagðar fram árið 1951 eða fyrir réttum 65 árum.

Í fundargerðum Bálfararfélags Íslands er ekki að finna tillögur um sérstakan duftgarð fyrir en 18. nóvember 1943 þegar kynnt er samkomulag á milli félagsins og kirkjugarðsstjórnar Reykjavíkur um byggingu bálstofu við fyrirhugaða Fossvogskirkju. Þar er af hálfu kirkjugarðsstjórnar gefið fyrirheit um reit „til þess að jarðsetja duftker, en stjórn Bálfararfélagsins skal skipuleggja svæðið.“ Staðurinn sem menn höfðu augastað á „er fyrir norð-

vestan núverandi takmörk kirkjugarðsins, ásamt 10 metra breiðri ræmu innanvert við þau.“ Ennfremur segir í samkomulaginu að „kirkjugarðsstjórn lætur á sinn kostnað girða hið nýja kirkjugarðssvæði, gjöra aðalstíga um það og undirbúa það sem grafreit.“

Framkvæmdir hefjast


Ekki var þó hafist handa um framkvæmdir við duftreitinn strax að lokinni vígslu kirkjunnar árið 1948 heldur ráðist í samkeppni um gerð reitsins og síðar að koma tillögu að skipulagi í framkvæmd. Útbjó stjórn Bálfararfélagsins ítarlega verklýsingu fyrir þátttakendur. Gerð var krafa um að hver duftreitir væri 65x130 cm að stærð og áskilið að á milli reita í beinum röðum væri mjór stigur, aðeins 25



Fossvogskirkja. Byggingin var teiknuð af Sigurði Guðmundssyni arkitekt og vígð 31. júlí 1948.



Unnið að endurgerð duftgarðs við Fossvogskirkju sumarið 1991.



Vinningstillagan. Árið 1948 var efnt til samkeppni um „tillögu um fyrirkomulag á duftgarði félagsins við kapelluna í Fossvogi“. Verðlaun voru 3.000 kr.

cm. Það sem þó vekur mesta undrun er ósk um „að á einum stað í garðinum á að vera stór sameiginlegur duftreitir þar sem ösku er stráð, þegar ekki er óskað að hún sé grafin. Gert er ráð fyrir að þessi staður sé skreyttur með viðeigandi listaverki.“ Við gerð grafreitsins var sumsé gert ráð fyrir grasflöt en þar sem ekki var heimild fyrir því í lögum að dreifa ösku kom ekki til þess að nota flötina. Það var svo ekki fyrr en 1994 að lagaheimild varð um dreifingu ösku og er í dag sérstök flöt til þess, ekki langt frá duftgarðinum við Fossvogskirkju.


Tillagan sem valin var til að framkvæma eftir var eftir Ole Pedersen cand hort, síðar garðyrkjustjóra kirkjugarða Reykjavíkurprófastdæma. Framkvæmdir við gerð garðsins hófust hinsvegar ekki fyrr en 1951.

Á miðju sumri 1994 hófst vinna við gerð duftreits fyrir fóstur á svæði ofan sumarbústaðarlands, sem gengur inn í Fossvogskirkjugarð að sunnanverðu. Reiturinn var vígður 16. september 1994.

Listaverk hafa löngum sett svip sinn á umhverfi duftgarðsins í Fossvogi. Strax árið 1954 var samþykkt að setja þar upp minnisvarða um þá sem fórust með flugvélinni Glitfæxa árið áður eftir Einar Jónsson myndhöggvara. Hinn 29. ágúst árið 1961 kemur svo fram í fundargerð kirkjugarðsstjórnar að keypt hefði verið eirstytta af kristsmýnd Alberts Thorvaldsens „Komið til mín“ og að hún verði reist andspænis kirkjudyrum á ca. meters stalli. Var verkið afhjúpað 27. september 1962.

Endurgerð duftgarðsins

Um 1990 var ráðist í miklar endurbætur á Fossvogskirkju og nánasta umhverfi. Duftgarðurinn var loka punktur þeirra umbóta. Framkvæmdir hófust sumarið 1991, réttum 40 árum eftir að duftgarðurinn við Fossvogskapellu var gerður. Var Einar E. Sæmundsen landslagsarkitekt valinn til verksins og byggði hann sínar tillögur á verki Ole Pedersen að mestu leyti. Áður en framkvæmdir hófust var gamli garðurinn mældur nákvæmlega upp og allir legsteinar hnitasettir.



Endurgerð duftgarðs. Þennan uppdrátt gerði Einar E. Sæmundsen landslagsarkitekt árið 1991. Eftir honum var duftgarðurinn endurgerður.

Að sögn Einars var þetta mjög vandasamt verk þar sem ekki mátti raska leiðum eða steinum sem komnir voru á sinn stað. Allt yfirborð garðsins var hækkað að jafnaði um 10 cm og við endurgerðina var í öllum aðalatriðum fylgt eldra skipulagi nema austast á svæðinu þar sem breytingar höfðu orðið á útlinum garðsins. Framkvæmdum lauk 1995.

Duftgarðurinn í Fossvogi er 5500 fermetrar að grunnfleti. Öllum grafstæðum hefur verið úthlutað og er nú aðeins grafið í frátekin grafstæði.



*Við erum til staðar
þegar þú þarft á
okkur að halda*

**Sigrún Óskarsdóttir,
guðfræðingur**

Útfarar- og lögfræðipjónusta

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánar-bússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.



Útfararstofa kirkjugarðanna

Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | utfor.is



Útreikningar nefndarinnar sýna að framlag ríkisins hafði verið skert um 1.971 m.kr. á árunum 2009-2015 eða sem nemur tæpum 17% af samkomulaginu fyrir þetta tímabil.



Alvarleg staða kirkjugarðanna:

Skerðing ríkisins nemur tæpum 2 milljörðum króna

Kirkjugarðaráð tók saman minnisblað um málið á fundi sínum 2. maí sl.

Eins og fram kom í síðasta fréttabréfi Kirkjugarðasambands Íslands hefur framlag ríkisins til kirkjugarða landsins sl. sjö ár verið skert allverulega með þeim afleiðingum að þeir hafa ekki lengur rekstrarfé til að greiða fyrir grafartöku og umhirðu. Þetta sýnir skýrsla sem var unnin af nefnd sem innanríkisráðherra skipaði árið 2014 til að til að gera úttekt á samkomulagi milli ríkisins og kirkjugarðaráðs frá 2005 um árlegt framlag úr ríkissjóði til starfsemi kirkjugarða landsins.

Kirkjugarðaráð kom saman til fundar 2. maí sl. og að þeim fundi loknum var tekið saman minnisblað og tillögur þar sem ráðið hnykkir á því hverjar séu að þess mati helstu niðurstöður og ábendingar skýrslunnar:

Eftir fund kirkjugarðaráðs var gengið á fund embættismanna innanríkisráðuneytis og þar var fundað um skýrsluna. Í lok þess fundar voru minnisþing og tillögur kirkjugarðaráðs afhent ráðuneytismönnum.

- Nauðsynlegt er að fara yfir samkomulag milli kirkjugarðaráðs og ríkisins frá 2005 og gera það gegnsærra og taka af allan vafa hvaða lögbundnu verkefni ríkið eigi að greiða.
- Framlög til kirkjugarðanna voru í samræmi við samkomulagið frá og með árinu 2005 til og með ársins 2008. Brýnt er að hækka einingaverð samkomulagsins til samræmis við uppreiknað einingaverð, sem fram kemur í reiknitöflu nefndarinnar. Þannig yrði byrjað á sama grunni og í ársbyrjun 2005.
- Fara þarf yfir lagafrumvarp um breytingu á lögum um kirkjugarða til að ná fram nauðsynlegum lagabreytingum vegna breytinga í þjóðfélaginu frá 1993 og eins til að koma á hreint ákveðnum ágreiningsmálum um hvað eigi að vera innan lögbundinna verkefna kirkjugarða.
- Útreikningar nefndarinnar sýna að framlagið hafði verið skert um 1.971 m.kr. (nánast tvöfalt ársframlag 2015 að nafnvirði og mun meira ef uppreiknað væri) á árunum 2009-2015 eða sem nemur tæpum 17% af samkomulaginu fyrir þetta tímabil. Einingaverð hafa rýrnað um 40% þegar litið er á uppreiknað einingaverð skv. reiknitöflu nefndarinnar og þess einingaverðs sem greitt var árið 2015 (eftir leiðréttingu villu).
- Nefndin sýndi fram á að villa var í útreikningum fjármálaráðuneytis frá 2009 sem uppsöfnuð á nafnvirði nam 133 m.kr. frá 2009-2015 og var kirkjugörðum bætt það upp með aukafjárveitingu sem fylgir árinu 2015. Þetta bætti fjárhagsstöðu kirkjugarða tímabundið en hefði þó ekki komið í veg

fyrir að stærsti kirkjugarður landsins væri með rekstrarhalla 4 ár af síðustu 5 árum, þó rétt hefði verið reiknað.

- Kirkjugarðar voru skertir um 28,8 m.kr. á árabílinu 2009-2015 vegna þess að fjármálaráðuneyti miðaði greftranir við dánartölu frá „horfinskrá“ Þjóðskrár en þar eru einungis þeir sem átta lögheimili á Íslandi þegar þeir létust en fjöldi greftrana á Íslandi er meiri vegna þess að mismunur í fjöldatölum skýrist af því að margir Íslendingar sem átta lögheimili í útlöndum eru fluttir til greftrunar á Íslandi og einnig er hluti af þessum mismun jarðsetning andvanafæddra barna sem ekki fengu kennitölu en voru jarðsett með sömu viðhöfn og aðrir Íslendingar. Skrá Þjóðskrár Íslands gefur því ekki upplýsingar um fjölda tekinnna grafa en framlagið miðaðist við það. Á þetta var bent í upphafi samkomulagstímabils (2006) en ekki var tekið tillit til þess. Kirkjugarðaráð er sammála nefndinni um að samkomulagið sé skýrt hvað þetta varðar.
- Að lokum sýndu útreikningar nefndarinnar að kirkjugarðar voru umframskertir um 324,6 m.kr. á tímabilinu 2009-2015. Þessi skerðing er til viðbótar þeirri skerðingu sem ríkisstjórnir gerðu og nefndar hafa verið „hagræðingarkröfur“. Þetta staðfesta útreikningar nefndarinnar, sjá neðstu línu á töflu skýrslunnar. Niðurstaðan er reyndar of lág, þar sem miðað er við of hátt árlegt framlag í töflu nefndarinnar. Mismunur er 60,3 m.kr. Leiðrétting hefur verið send formanni nefndarinnar.

Tillögur Kirkjugarðaráðs til úrbóta

Tillögur Kirkjugarðaráðs um næstu skref til að koma fjárhag kirkjugarða á svipaðan rekspól og árið 2005 liggja nú fyrir og telur ráðið að gera þurfi nauðsynlegar breytingar á lögum um kirkjugarða sem aðilar eru sammála um að hafi dregist úr hömlu.

Kirkjugarðaráð leggur til að:

- Embættismenn í innanríkisráðuneyti meti hvernig og með hvaða upphæð kirkjugörðum verði bætt skerðing vegna vantalins fjölda grafa og vegna óútskýrðar umframskerðingar sem leidd hefur verið í ljós í reiknitöflu nefndarinnar og nemur háum upphæðum.
- Innanríkisráðuneytið skipi fulltrúa frá ráðuneytinu sem ásamt fulltrúa/fulltrúum Kirkjugarðaráðs færu yfir samkomulagið milli ríkisins og Kirkjugarðaráðs og gerðu tillögu um breytingar á því og gera það gegnsærra og taka af allan vafa hvaða lögbundnu verkefni ríkið eigi að greiða.
- Lagt er til að sömu aðilum verði falið að gera tillögu um breytingar á lagafrumvarpi því sem liggur óafgreitt í ráðuneytinu, þ.e. fara yfir það til

að ná fram nauðsynlegum breytingum til að aðlaga vinnulag og hugsun breytingum í þjóðfélaginu undanfarna áratugi og eins til að koma á hreint ákveðnum ágreiningsmálum um hvað eigi að vera innan lögbundinna verkefna kirkjugarða. Stefnt verði að því að lagafrumvarpið verði lagt fyrir haustþing 2016 og miða við að nýtt samkomulag taki gildi í ársbyrjun 2017.

Undir þessar tillögur ritar biskup Íslands ásamt Kirkjugarðaráði.

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA FYRIR ÍSLENSKT VEDURFAR

VANDAÐIR KROSSAR Á LEIÐI

3ja ára ábyrgð



JS LJÓSAMIDJAN
VÉLAVERKSTÆÐI
SLÁTTUVÉLAPJÓNUSTAN

Skemmuvegur 34, Brún gata | 200 Kópavogur
velaverkjs@simnet.is | velaverkjs.is / slattuvel.is

S. 554 0661

Legsteinar

Þjóðum einnig upp á
uppsetningu og lagfæringar
á eldri steinum.

Persónuleg og fagleg þjónusta.

Sendum um land allt.

Legsteinn.is

Sími 466 3110

legsteinn@legsteinn.is

Blóm á leiði

Þjóðum upp á mikið úrval blóma á grafreiti.



Heiðmörk 38
810 Hveragerði
Sími 483 4800
Fax 483 4005
www.ingibjorg.is
ingibjorg@ingibjorg.is


Gardyrkjústöð
Ingibjörgar

VIÐ ERUM MEÐ ÞÉR TIL ÖRYGGIS



ÖRYGGIS
MIÐSTÖÐIN

ÖRYGGISHNAPPUR

Við viljum njóta stundanna örugg og áhyggjulaus, sama hverju við tökum upp á. Þess vegna er mikilvægt að við gætum vel hvert að öðru. Svona til öryggis.

Sími 570 2400 | Askalind 1 | [Nánar á oryggi.is](#)

ALLT INNIFALIÐ MEÐ ÖLLUM LEGSTEINUM



188.100 KR.
ÁÐUR: 297.300 KR.

Einn spörfugl fylgir

nr. 116-5



149.000 KR.
ÁÐUR: 227.050 KR.

nr. 2042



270.000 KR.
ÁÐUR: 351.550 KR.

nr. 2046



268.620 KR.
ÁÐUR: 406.900 KR.

nr. 2020



188.100 KR.
ÁÐUR: 297.300 KR.

Einn spörfugl fylgir

nr. 116-5



297.420 KR.
ÁÐUR: 442.900 KR.

nr. 113



304.000 KR.
ÁÐUR: 402.350 KR.

nr. 2021



539.900 KR.
ÁÐUR: 746.000 KR.

nr. GS1002



329.000 KR.
ÁÐUR: 433.350 KR.

nr. 104



313.000 KR.
ÁÐUR: 413.350 KR.

nr. 118



385.000 KR.
ÁÐUR: 503.350 KR.

nr. 129-3

ÖLL OKKAR VERÐ MIÐAST VIÐ
FULLBÚINN STEIN MEÐ UPPSETNINGU

**ÞARF AÐ ENDURNÝJA
LETRIÐ Á STEININUM?**

GRANÍTHÖLLIN TEKUR AÐ SÉR AÐ
HREINSA OG ENDURMÁLA LETUR Á
LEGSTEINUM. EINNIG TÖKUM VIÐ AÐ
OKKUR AÐ RÉTТА AF LEGSTEINA SEM
ERU FARNIR AÐ HALLA.



*Fri uppsættning miðast við uppsættingu á höfuðborgarsvæðinu.
Með fyrirvarum þennintíttur og uppsættar vatur.

BÆJARHRAUNI 26,
HAFNARFIRÐI

Graníthöllin
Legsteinar

SÍMI 555 3888
GRANITHOLLIN.IS